

# Fundargerð 3. fundar

## Starfshópur um sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði.

Haldinn kl. 12, mánudaginn 6.maí 2019 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Elísabet Hansdóttir, fulltrúi Ráðgjafarráðs, Margét Vala Marteinsdóttir, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri, Guðmundur Sverrisson, fjármálasviði, Elín Ýr Arnar, ráðgjafarráði, Sigurður Þ. Ragnarsson, Sigurður Guðjón Jónsson frá Mannviti og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

### 1. Þjónustutími.

Rætt um skilgreiningu á föstum ferðum og tilfallandi ferðum. Um einn þjónustutíma verði að ræða. Ekki þurfi að tilgreina hvert notandinn er að fara. Rætt um ferðir á stórhátíðunum og rauðum dögum. Rætt um sólarhringsþjónustu. Hvernig er þjónustan pöntuð? Skoða þarf vel þjónustuna á stórhátíðum og rauðum dögum. “No show” ferðir, skoða vel hvernig tekið verður á þeim vanda. .

### 2. Verðskrá.

Mismunandi verð á föstum ferðum og tilfallandi ferðum. Hvati verður fyrir notendur að skipuleggja ferðirnar með fyrirvara. Fundarmenn eru sammála þessari nálgun.

### 3. Einstaklingar með ökutækjastyrk.

Rætt um einstaklinga sem eru með ökutækjastyrk frá Tr. Fundarmenn eru sammála um að þessir einstaklingar eigi rétt á akstursþjónustu. Umræður urðu um greiðslur fyrir þær ferðir þ.e.a.s. hvort greitt verði fullt Strætó gjald.

### 4. Maður á mann.

Rætt um að skilgreina sérstaklega viðbótarþjónustu við einstaklinga sem búa við fötlun varðandi tjáningu. Starfshópurinn er sammála því að útfæra viðbótarþjónustu fyrir þennan hóp.

Fundi slitið kl. 13:15.